

Reykjavík, 6. maí 2020

Allsherja- og menntamálanefnd
Skrifstofa Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025 (mál 643)

UMFÍ fagnar því að fram er komin þingsályktunartillaga um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni ásamt áætlun til nokkurra ára. Við fögnum því jafnframt að ráðuneytin standi saman að málum.

Mikilvægt er að grípa til aðgerða gegn öllum birtingamyndum ofbeldis og afleiðingum þess til langframa. Við tökum undir að birtingarmyndir ofbeldis eins og þær sem greinargerðin og framtíðarsýnin lýsa eiga ekki að líðast. Ef vel er á málum haldið mun Ísland án nokkurs vafa verða fyrirmynd annarra ríkja í þessum málum á sama hátt og Ísland er í dag fyrirmynd í forvarnamálum.

Á sama tíma bendir UMFÍ á að leiðirnar eru þegar orðnar margar sem hópar eða félagasamtök geta nýtt sér í forvirkum aðgerðum gegn öllum myndum ofbeldis eða við úrlausn afleiðinga þeirra. Eins og tillagan hljómar nú er gert ráð fyrir að forvarnarfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga muni fylgja aðgerðaráætluninni eftir og miðli hann þekkingu áfram ásamt ritstjóra hjá Menntamálastofnun. Þá verði útbúið gagnvirkt netnámskeið með grunnfræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni fyrir fólk sem starfar með börnum.

Nýtum þau verkfæri sem til eru

UMFÍ, ásamt ásamt Bandalagi íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélaginu Landbjörg, er aðili að Æskulýðsvettvanginum (ÆV).

ÆV hefur lengi á námskeiðum sínum um allt land kynnt viðbragðsáætlanir og leiðir fyrir fólk innan aðildarfélaga til að koma málum í farveg. Á meðal viðbragðsáætlana ÆV er að finna verkferla sem fylgja skal þegar upp koma atvik eða áföll sem hafa áhrif á starf félaganna og félagsmenn. Öll mál sem berast ÆV eru send til fagraðs, sem vinnur hvert mál á dýpri hátt.

Haustið 2019 bjó ÆV ásamt fagaðilum í barnaverndarmálum til netnámskeið fyrir fólk sem starfar með börnum og ungmennum í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Þar undir eru starfsfólk og sjálfboðaliðar allra þeirra sem að ÆV koma. Námskeiðið er nýjung á Íslandi.

Lærum af reynslunni

Mikilvægt er að fella allar hindranir úr vegi fyrir fólk og félagasamtök til að koma málum sínum í farveg og veita sem á þurfa að halda bestu fánlegu aðstoðina sem völ er á hverju

sinni. Allir sem vilja og þurfa verða að eiga aðgang að ráðgjöfum og geta komið málum sínum áleiðis.

Sem dæmi má nefna að íþrótt- og æskulýðshreyfingin hefur ekki og má ekki senda mál til fagráðs Menntamálastofnunar þótt vissulega sé um að ræða sömu börn sem ganga í skólana og æfa með íþróttafélögum.

Rafræn skráning er mikilvæg

UMFÍ ítrekar enn og aftur heimildir stofnana og félagasamtaka til að afla upplýsinga úr sakaskrá ríkisins. Aðgengi að upplýsingum er einmitt nauðsynlegt skref í aðgerðum gegn ofbeldi og afleiðingum.

Eins og tekið er fram í Æskulýðslögum og Íþróttalögum eiga yfirmenn leikskóla, grunnskóla og á fleiri stöðum rétt til að sækja upplýsingar úr sakaskrá viðkomandi. Í samræmi við það þarf að auðvelda aðgengi að sakaskrá og sakavottorðum. Rafræn skráning sakavottorða er lykillinn að því enda gerir það stjórnendum félagasamtaka og víðar auðveldara að ráða hæft starfsfólk og draga úr líkum á ofbeldisverkum í hvaða mynd sem þau geta birst í starfi ungmenna- og æskulýðsfélaga – og hjá fyrirtækjum.

UMFÍ hefur nú haldið þessu á lofti í nokkur ár og starfshópur er að störfum varðandi málið. Niðurstaðan er engu að síður sú að vinnslan er enn hægvirkt og handvirk.

Öll betri


Stjórn og starfsfólk UMFÍ er reiðubúið til að leggja sitt af mörkum og vinna með stjórnvöldum að því að vinna að því að innleiða aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess.

Með samvinnu við félagasamtök nást margfeldisáhrif sem ættu að koma öllum til góða.

Innan UMFÍ eru 28 sambandsaðilar og rúmlega 460 félög um allt land sem sinna fjölbreyttu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Með samvinnu aðildarfélaganna UMFÍ um allt land að einu markmiði er hægt að efla samstarf við stjórnvöld og stuðla að heilbrigðara samfélagi.

Að þessu sögðu erum við hjá UMFÍ tilbúin til samtals við stjórnvöld um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingu þess. Það hefur jákvæð áhrif og bætir lífsgæði landsmanna.

Virðingarfyllt,
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri UMFÍ